

**Árnessýsla:**

**Kirkjutún** á þjónustubýli í landi Laugardæla, Hraungerðishreppi.  
**Tröð** á kennarabústað í landi Gnúpverjahrepps hjá félagsheimilinu Árnesi.  
**Árteigur** á þjónustubýli í landi Árbæjar, Ölfushreppi.  
**Reykjaflöt** á garðyrkjubýli í landi Reykjabóls, Hrunamannahreppi.  
**Miðfell VI** á smábýli í landi Miðfells II, Hrunamannahreppi.  
**Birkilundur II** á garðyrkjubýli í landi Birkilundar, Biskupstungnahreppi.

*Menntamálaráðuneytið, 31. desember 1976.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

*Runólfur Þórarinnsson.*

31. desember 1976.

Nr. 455.

**AUGLÝSING**

**um skiptingu Hafnarfjarðarprestakalls í tvö prestaköll og tvær sóknir.**

Að fengnum tillögum biskups og samkvæmt ósk viðkomandi sóknarnefndar, er hér með ákveðið, í samræmi við ákvæði laga um skipun prestakalla og prófasts-dæma og Kristnisjóð, nr. 35 9. maí 1970, að núverandi Hafnarfjarðarprestakalli skuli skipt í tvö prestaköll:

**Hafnarfjarðarprestakall:** Hafnarfjarðarsókn. Nær yfir Hafnarfjarðarkaupstað austan Reykjavíkurvegur.

**Viðistaðaprestakall:** Viðistaðasókn. Nær yfir Hafnarfjarðarkaupstað vestan Reykjavíkurvegur.

Skipan þessi tekur gildi 1. janúar 1977, að því er varðar skiptingu prestakallsins í tvær sóknir, en 1. mars 1977 að því er varðar hina nýju skipun prestakalla.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 31. desember 1976.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Þorleifur Pálsson.*

30. desember 1976.

Nr. 456.

**AUGLÝSING**

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

1. Stöðvunarskylda verður við Suðurlandsbraut, ef beygt er til vinstri frá Álfheimum.
2. Rýmkað verður bann við bifreiðastöðum á Túngötu við Landakotsspítala, þannig að heimilt verður að leggja bifreiðum sunnanmegin götunnar á milli Ægisgötu og Hofsvallagötu á tímabilinu frá kl. 18 til 20 á mánudegi til föstudags og milli kl. 15 og 16 á laugardögum og sunnudögum.